

Þriðjudaginn 26. janúar 1954.

Nr. 48/1953. Elín Jónsson (Magnús Thorlacius)
 gegn
Arnari Jónssyni (Ólafur Þorgrímsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Krafa um greiðslu innheimtulauna.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. apríl 1953. Krefst hún þess, að stefnda verði dæmt að greiða henni kr. 2.813,19 með 6% ársvöxtum af kr. 44.763,92 frá 24. desember 1951 til 7. janúar 1952 og af kr. 2.813,19 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hún og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hafa málsaðiljar gefið skýrslur fyrir dómi, en þær skýrslur breyta engu um þau málsatriði, sem héraðsdómur er reistur á.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms, sem hefur ekki verið gagnáfrýjað, ber að staðfesta hann.

Málflutningsmanni áfrýjanda var ekki rétt að halda eftir kr. 2.813,19 sem innheimtulaunum til sín, er stefndi greiddi honum hinn 7. janúar 1952 búshluta áfrýjanda, kr. 44.763,92, og hann stefndi síðan hagsmunum umbjóðanda síns í hættu með því að standa að málssókn áfrýjanda til heimtu á nefndum kr. 2.813,19. Þrátt fyrir þetta og þar sem stefndi hefur ekki neytt heimildar 182. gr. laga nr. 85/1936 til að krefja málflutningsmann áfrýjanda persónulega um málskostnað, verður að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í Hæstarétti, kr. 1.500,00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Elín Jónsson, greiði stefnda, Arnari Jóns-

syni, kr. 1.500,00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. febr. 1953.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. þ. m., hefur Elín Jónsson hér í bæ höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 8. janúar 1952, gegn Arnari Jónssyni matsveini, Snorrabraut 34 hér í bæ, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 2.813,19, með 6% ársvöxtum af kr. 44.763,92 frá 24. desember 1951 til 7. janúar 1952 og af kr. 2.813,19 frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þessir:

Aðiljar málsins voru í hjónabandi, en skildu að borði og sæng hinn 9. okt. 1951, að því er stefnandi hermir. Þá var eigi lokið skiptum á félagsbúi þeirra, en skipti hófust með uppskrift 25. sept. 1951 eftir beiðni, dags. 19. s. m. Eftir að skilnaðarleyfi var veitt, fengu aðiljar búið framselt til einkaskipta. Í byrjun desember s. á. samdi fulltrúi lögmanns stefnda, Ólafur Sv. Björnsson hdl., skuldalista og höfuðstólsreikning, er hann sendi lögmanni stefnanda, Magnúsi Thorlacius hrl. Voru skjöl þessi samin á þeim grundvelli, að fasteign búsins skyldi talin með kaupverði kr. 115.000,00, en lausafé með matsverði við uppskrift kr. 36.200,00. Skuldir voru taldar kr. 45.352,16. Varð búshluti hvors aðilja því kr. 52.923,92. Gert var ráð fyrir samkomulagi um, að stefndi fengi fasteignina og lausafé fyrir kr. 23.040,00, en stefnandi lausafé fyrir kr. 13.160,00, og að stefndi greiddi mismuninn, kr. 39.763,92. Stefnandi vildi ekki sætta sig við skuldir þær, er taldar voru á listanum, og varð það úr, að þær voru lækkaðar um kr. 10.000,00. Hækkaði búshlutur stefnanda því um kr. 5.000,00 og mismunur sá, er stefndi skyldi greiða henni, í kr. 44.763,92. Lögmaður hennar skýrir svo frá fyrir dómi, að fyrrnefndur fulltrúi hafi lofað því fyrir hönd stefnda, að greiðsla skyldi fram fara hinn 24. desember 1951. Er það brást, átti hann tal við fulltrúann, er taldi víst, að greiðsla mundi berast þegar eftir jól. Á gamlaársdag hafði greiðsla enn eigi farið fram, og ritaði lögmaður stefnanda þá kröfubréf til stefnda og setti honum frest til 5. jan. 1952. Kveðst hann hafa ritað bréf þetta í samráði við fulltrúann, er hafi talið, að stefndi mundi frekar standa við samkomulagið um skiptin, ef hann sæi, að alvara væri á ferðum. Engin greiðsla barst á hinum tilsetta tíma, en hins vegar kom fulltrúinn þá með samningsuppkast, miðað við, að greiðsla færi fram 20. janúar, en því hafnaði lögmaður stefnanda og lét þá rita og birta sáttakæru hinn 5. janúar, og skyldi sáttafundur vera 7. s. m. Þann dag voru greiddar til skrifstofu hans kr. 44.763,92, er gjaldkeri hans kvittaði fyrir með fyrirvara sem greiðslu upp í kröfu

stefnanda. Af fé þessu reiknaði lögmaður stefnanda sér kr. 2.813,19 í innheimtulaun samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Er mál þetta því höfðað gegn stefnda til greiðslu þessarar fjárhæðar.

Af hálfu stefnda er sýknukrafan studd þeim rökum, að samningum um búskiptin hafi ekki verið lokið fyrr en eftir áramót 1951—1952 og hafi því ekkert samkomulag verið á komið, er fyrrgreind kröfubréf og sáttakæra voru rituð. Áðurnefndur fulltrúi hefur einnig komið fyrir dóm og skýrt svo frá málavöxtum, að lögmaður stefnanda hafi sett það sem skilyrði fyrir samkomulagi um búskiptin, að greiðsla til hennar færi fram fyrir jól, en fulltrúinn kveðst þá hafa sagt, að það kæmi ekki til greina og að hann væri þeirrar skoðunar, að samkomulag væri ekki komið á. Milli jóla og nýárs kveðst hann hafa átt tal við lögmann stefnanda og tjáð honum, að erfiðlega gengi að fá stefnda til að fallast á samkomulag og að gott væri, að lögmaðurinn ýtti við stefnda, en eigi hafi hann nefnt neitt um kröfubréf. Hinn 5. janúar hafi hann komið með samningsuppkast til lögmanns stefnanda og farið fram á, að stefnandi samþykkti það og undirritaði, en í því var miðað við það, að greiðslu á búshluta stefnanda yrði að fullu lokið 20. s. m. Hafi lögmaðurinn talið sennilegt, að þetta yrði ekki samþykkt, en talið sig þurfa að ræða það við stefnanda, en svar hafi ekki borizt annað en það, að sáttakæran var birt sama dag.

Kröfur stefnanda í máli þessu eru á því byggðar, að samkomulag um búskiptin hafi verið á komið og búshluti hennar því gjaldkræfur, er hún lét lögmann sinn hefjast handa um innheimtu hans. Gegn þeim mótmælum af hálfu stefnda, sem þegar hafa verið rakin, þykir henni ekki hafa tekizt að færa nægar sönnur á það, að svo hafi verið, og ber því að taka sýknukröfu stefnda til greina, en eftir atvikum er rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Arnar Jónsson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Elínar Jónsson, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.
